

1911 nr. 36 11. júlí**Lög um forgangsrétt kandiðata frá háskóla Íslands til embætta**

Tóku gildi 9. október 1911. Breytt með: L. 84/1936 (tóku gildi 15. sept. 1936). L. 19/1952 (tóku gildi 16. febr. 1952). L. 45/1986 (tóku gildi 21. maí 1986). L. 118/1990 (tóku gildi 31. des. 1990).

■ 1. gr.

□ Eftir að háskóli Íslands er tekinn til starfa hafa þeir einir rétt til embætta hér á landi, er tekið hafa embættspróf við háskólann. Þó á þetta aðeins við þær fræðigreinar, sem þar eru kenndar og próf er haldið í. [Þeir, sem lokið hafa meistara- eða kandiðatsprófi í íslenskum fræðum við heimspekideild háskólans, skulu að öðru jöfnu hafa forgangsrétt til kennslu í íslenskri tungu, íslenskum bókmenntum og Íslands sögu við alla framhaldsskóla, sem kostaðir eru eða styrktir af ríkisfé eða sveitarfé, nema kennsla á unglíngastiginu sé í framkvæmdinni í höndum barnaskóla, og þó því aðeins, að kennsla í þessum greinum nemi a.m.k. hálfu kennarastarfi eða sérstakur kennari sé ráðinn til starfsins, enda skulu þeir að öðru leyti fullnægja þeim kröfum um menntun kennara við gagnfræða- og menntaskóla, sem gerðar eru í lögum.

□ Þeir, sem lokið hafa B.A.-prófi við heimspekideild háskólans, skulu með hliðstæðum hætti njóta forgangsréttar til kennslu við skóla gagnfræðastigsins og við sérskóla í þeim greinum, er próf hvers þeirra um sig tekur til, enda fullnæggi þeir að öðru leyti þeim kröfum um menntun kennara við gagnfræðaskóla eða menntaskóla, sem gerðar eru í lögum. Þeir standa þó að baki þeim mönnum, er fyrri málsgrein getur, um kennslu í íslenskum fræðum, og eigi framar þeim, er

lokið hafa við háskóla fullnaðarprófi með kennsluréttindum í þeim greinum, er B.A.-prófið lýtur að. Þá standa B.A.-prófsmenn eigi framar þeim kennurum, er lokið hafa fullnaðarprófi frá erlendum kennaraháskólum.]¹⁾

¹⁾ L. 19/1952, 1. gr., sbr. 4. gr.

■ 2. gr.

□ [Sé um að ræða kennarastöðu í tveimur eða fleiri kennslugreinum, skal sá hljóta starfið, sem hefur forgangsréttindi skv. 1. gr. að meiri hluta kennslustunda í umræddum greinum.]¹⁾

¹⁾ L. 19/1952, 2. gr., sbr. 4. gr.

■ 3. gr.

□ Undanþágu frá fyrirmælum 1. gr. má landsstjórnin eftir tillögum háskólaráðsins veita, sé um kennaraembætti við háskólann að ræða.

□ [Svo er og ríkisstjórninni heimilt að veita kandiðötum í guðfræði frá háskólum í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð prestsembætti hér á landi, enda fullnæggi þeir öðrum skilyrðum til þess að fá slík embætti og guðfræðideild mæli með því.]¹⁾

¹⁾ L. 45/1986, 1. gr.

■ 4. gr.

□ Læknisfræðingum, er sanna, að þeir hafi aflað sér nærgrar þekkingar í læknisfræði á erlendum háskólum eða öðrum slíkum menntastofnunum, má og landsstjórnin veita leyfi til þess að stunda hér á landi lækningar, en leitað skal tillagna læknadeildar háskólans í hvert skipti áður en slíkt leyfi sé veitt.

■ 5. gr. . . .¹⁾

¹⁾ L. 118/1990, 3. gr.